CAT®

U3NR8458
28SEPT2018

# Notkunarskjal

## Bluetooth fyrir öryggiskerfi vinnuvélar Kerfi og lykilörflaga

***Efnisyfirlit*** ***síða***


- Heiti vöru (vörutegund, gerð, tegund)............................................................ 2
- Eiginleikar......................................................................................................... 3
- Samræmisyfirlýsing (ESB) ............................................................................ 4, 5
- Skilyrði fyrir uppsetningu, geymslu, flutning, framkvæmd, vörulýsingu, nýtingu . 6
    - Raftenging ................................................................................................ 7
    - Fyrirbyggjandi viðhald ............................................................................. 8
    - Örugg notkun............................................................................................ 8
    - Bilanaleit................................................................................................... 8
- Framleiðsludagsetning ...................................................................................... 8




Caterpillar: Grænt trúnaðarstig

**Heiti vöru:** Cat® Bluetooth® kerfi
**Vörutegund:** Cat® vörumerki
**Gerð:** CATBTNT
(A5: S4)
**Tegund:** Þráðlaust tæki (eining fyrir móttöku og sendingu gagna úr Bluetooth® lykilörflögu og skynjurum)
**SMCS-kóði:** 7008; 7600-ZM

CATBTNT-hlutarnúmerið 504-4980 er sá hluti kaupanna sem inniheldur útvarpsbúnað og hugbúnað sem tengist samþættingu vinnuvélar. Þráðlaus fjarskiptabúnaður í CATBTNT er 462-0441. Slíkur fjarskiptabúnaður uppfyllir gildandi reglur um svæðisbundið samhæfi vöru sem kemur fram á meðfylgjandi skjali. Hugbúnaðurinn sem er innifalinn í kaupunum hefur ekki áhrif á viðmið um afköst sem tilgreind eru í reglugerðum.



**Heiti vöru:** Cat® Bluetooth® örflaga
**Vörutegund:** Cat® vörumerki
**Gerð:** CATBTFOB
(A1: S1)
**Tegund:** Þráðlaust tæki (lykill með örflögu fyrir auðkenningu ökumanns með Bluetooth®)
**SMCS-kóði:** 7008; 7600-ZM



# Öryggisþættir CATBTNT

| Inntaksspenn<br>a | |
|---|---|
| Vinnsluspenna, bil | 9VDC til 32VDC |
| Vörn | Öfug pólun |
| **Samskipti um Bluetooth** | |
| Senditíðni | 2,402 GHz–2,480 GHz |
| Útgangsafl sendis | 0 dBM (1 mW) |
| **Straumnotkun (hám.)** | |
| Hámarksstraumnotkun við vinnslu | 80mA |
| **Umhverfi** | |
| Ganghiti | -40 °C (-40 °F) til 85 °C (185 °F) |
| Geymsluhitastig | -50 °C (-58 °F) til 85 °C (185 °F) |

# Öryggisþættir CATBTFOB

| Inntaksspenn<br>a | |
|---|---|
| Rafgeymir | Coin Cell CR2450 |
| Efnasamsetning rafgeymis | Mangandíoxíð litíum |
| Málspenna rafgeymis | 3V |
| **Samskipti um Bluetooth** | |
| Senditíðni | 2,402 GHz–2,480 GHz |
| Útgangsafl sendis (hám.) | 0 dBM (1 mW) |
| **Straumnotkun (hám.)** | |
| Meðalstraumur að hámarki | 1mA |
| **Umhverfi** | |
| Ganghiti | -30 °C (-22 °F) til 60 °C (140 °F) |
| Geymsluhitastig (án rafgeymis) | -50 °C (-58 °F) til 85 °C (185 °F) |



Caterpillar: Grænt trúnaðarstig

# Samræmisyfirlýsing – Evrópusambandið

CATERPILLAR®
ESB-samræmisyfirlýsing

Þessi samræmisyfirlýsing er gefin út á eigin ábyrgð framleiðandans.
Undirritaður, fulltrúi framleiðanda:

**Caterpillar Inc.**
100 N.E. Adams
Peoria, IL 61629
Bandaríkjunum
lýsir því hér með yfir að varan, sem þessi lýsing fjallar um:

Vörumerki: Caterpillar
Loftnetshluti #: Innra

Gerð: CATBTNT (A5S4)
Hlutarnúmer: 462-0441

Er í samræmi við viðeigandi ákvæði eftirfarandi samræmingarlöggjafar ESB:

Tilskipun 2014/53/ESB
Tilskipun 2011/65/ESB

Samræmi er sýnt með því að farið sé að viðeigandi kröfum eftirfarandi skjala:

Samræmismatsaðferð: ✓ Viðauki II, ________ Viðauki III, ________ Viðauki IV

| | | |
|---|---|---|
| 2014/53/ESB: | LVD (hluti 3.1a):<br>EMC (hluti 3.1b): | EN 62368-1:2014<br>EN 301 489-1 V1.8.1<br>EN 301 489-1 V2.2.0<br>EN 301 489-17 V2.2.1<br>EN 301 489-17 V3.2.0 |
| | RF (hluti 3.2) | EN 300 328 V2.1.1 |
| 2011/65/ESB | RoHS (Tilskipun um takmarkanir á notkun hættulegra efna) | EN 50581:2012 |

---

**Signature:**

**Name: Michael Caruthers** **Title: Product Manager**
**Place: Peoria, IL** **Date: 12oct2020**

---

# Samræmisyfirlýsing – Evrópusambandið

CATERPILLAR®
<u>ESB-samræmisyfirlýsing</u>

Þessi samræmisyfirlýsing er gefin út á eigin ábyrgð framleiðandans.
Undirritaður, fulltrúi framleiðanda:

**Caterpillar Inc.**
100 N.E. Adams
Peoria, IL 61629
Bandaríkjunum
lýsir því hér með yfir að varan, sem þessi lýsing fjallar um:

Vörumerki: Caterpillar
Hlutarnúmer: 487-3004
Gerð: CATBTFOB (A1S1)

Er í samræmi við viðeigandi ákvæði eftirfarandi samræmingarlöggjafar ESB:

Tilskipun 2014/53/ESB
Tilskipun 2011/65/ESB

Samræmismatsaðferð: ____✓____ Viðauki II, ________ Viðauki III, ________ Viðauki IV

| | | |
|---|---|---|
| 2014/53/ESB: | LVD (hluti 3.1a): | EN 62368-1:2014 |
| | EMC (hluti 3.1b): | EN 301 489-1 V2.2.0 |
| | | EN 301 489-17 V3.2.0 |
| | RF (hluti 3.2) | EN 300 328 V2.1.1 |
| 2011/65/ESB | RoHS (Tilskipun um takmarkanir á notkun hættulegra efna) | EN 50581:2012 |

---

**Signature:** 

**Name: Michael Caruthers**

**Title: Product Manager**

**Place: Peoria, IL**

**Date: 12oct2020**

---



Caterpillar: Grænt trúnaðarstig

# Skilyrði um samsetningu, geymslu, flutning og förgun

## CATBTNT:

Einangrunarfestingar eru notaðar alls staðar í Cat BTNT, óháð staðsetningu. Ekki er hægt að fjarlægja einangrunarfestingarnar þannig að M6-boltinn sé eingöngu notaður til festingar.

**Athugið:** Uppsetningarflötur CATBTNT passar ekki á afturhluta yfirbyggingarinnar nema með því að nota einangrunarfestingarnar. Nota skal aðra festingu sem hefur sömu lögun og einangrunarfestingin ef einangrunarfesting er ekki tiltæk.

**Staðsetningar festinga**

Tryggið að eftirfarandi leiðbeiningum sé fylgt þegar Cat BTNT-móttakarinn er festur.

- Festið CATBTNT-móttakarann inni í stýrishúsinu ef nota á hann til auðkenningar stjórnanda.
- Ekki skal festa móttakarann í meira en 1 metra fjarlægð frá svissinum. Þetta tryggir áreiðanlega sendingu upplýsinga um auðkenni stjórnanda með þráðlausum hætti frá lykilörflögunni til móttakarans.

**Athugið:** Krafan um 1 metra fjarlægð er vegna drægis lykilörflögunnar.

- Gangið úr skugga um að útvarpstíðni sé ekki hindruð. Ekki skal staðsetja móttakarann þannig að hann sé alveg umluktur málmi. Festa má móttakarann á málmplötu innan þils eða hólfs svo framarlega sem meirihluti efnisins í þilinu eða hólfinu er ekki úr málmi.
- Festið móttakarann ekki nálægt öðrum loftnetum sem gefa frá sér eða taka á móti útvarpsbylgjum. Slík loftnet eru meðal annars, en takmarkast ekki við, eftirfarandi: AM-/FM-loftnet, CB-loftnet, farsíma-/gervihnattaloftnet, og GPS-loftnet.

## CATBTFOB:

### Leiðbeiningar varðandi skipti á rafhlöðu

**Hylkið opnað**

Finnið opnunarraufina á hylkinu, en hún er við sexhyrnda málmhringinn á lyklinum.

Notið smámynt til að losa hlutana tvo hvorn frá öðrum. Þegar hlutarnir hafa losnað hvor frá öðrum skal tosa þá alveg í sundur til að komast að rafhlöðunni.

**Athugið:** Raufin hentar fyrir smámynt á stærð við bandarískan 10 senta pening (dime) eða bandarískt penní.

Að þessu loknu skal fjarlægja rafhlöðuna með fingrunum og farga henni í samræmi við gildandi reglur á hverjum stað.



Caterpillar: Grænt trúnaðarstig

Komið nýrri CR2450-rafhlöðu fyrir, tyllið hylkishlutunum tveimur saman og þrýstið þeim saman þar til þeir smella saman. Gangið úr skugga um að bilið milli hylkishlutanna sé jafnt allan hringinn.

## Flutningur og förgun

Hafið samband við viðurkenndan söluaðila til að ákvarða skilyrði um förgun og flutning.

## Raftenging

CATBTNT:

Tengi á 8-pinna DT-tengi
(6) Pinni 1: Rafhl. +
(7) Pinni 2: Rafhl. -
(8) Pinni 3: CAN +
(9) Pinni 4: CAN -
(10) Pinni 5: SWG #1 (LOC 0)
(11) Pinni 6: SWG #2 (LOC 1)
(12) Pinni 7: JÖRÐ
(13) Pinni 8: Sviss




CATBTFOB:




(TIL EINFÖLDUNAR ERU SUMIR HLUTIR EKKI SÝNDIR)

## Fyrirbyggjandi viðhald

Ekki er þörf á neinu fyrirbyggjandi viðhaldi fyrir þessi tæki.

## Örugg notkun

Tryggið að eftirfarandi leiðbeiningum sé fylgt við meðhöndlun CATBTFOB

- Ekki kremja rafhlöðuna, slá hana út, hlaða hana, brenna eða aflaga hana. Geymist þar sem börn ná ekki til. Þegar skipt er um rafhlöður skal eingöngu nota CR2450-rafhlöður sem uppfylla EN60086-4 eða UL1642

## Upplýsingar um galla og úrbætur

Áður en leitað er til söluaðila vegna viðgerða skal athuga hvort rafmagnsleiðslur eru í lagi auk þess sem taka skal strauminn frá rafgeyminum til búnaðarins af og setja hann aftur á. Straumurinn frá rafgeyminum er tekinn af og settur aftur á með því að:

- Slökkva á aðalrofa vinnuvélarinnar og kveikja aftur á honum.

- Taka leiðsluknippið úr Bluetooth-tækinu og setja það svo aftur í.

- Aftengja mínuskapalinn frá mínusskautinu á rafgeyminum og tengja hann aftur. Ef þessar lausnir virka ekki skal hafa samband við næsta söluaðila.

## Framleiðsludagsetning

Hafið samband við viðurkenndan söluaðila til að ákvarða framleiðsludagsetningu með hliðsjón af raðnúmeri.



Caterpillar: Grænt trúnaðarstig

©2014 Caterpillar
Allur réttur áskilinn

CAT, CATERPILLAR, kennimerki þeirra, „Caterpillar Yellow“ og POWER EDGE-vöruútlitið auk þeirra fyrirtækis- og vöruauðkenna sem hér eru notuð eru vörumerki Caterpillar og er notkun þeirra óheimil nema með skriflegu leyfi.